

Nýtum tækifærin

Drög að stjórn málaályktun 40. landsfundar Sjálfstæðisflokksins

Forystuhlutverk Sjálfstæðisflokksins í íslenskum þjóðmálum hvílir á grundvelli einstaklings frelsis, ábyrgðar og sjálfstæðis með hagsmuni allra stétta að leiðarljósi. Þessi meginstef sjálfstæðisstefunnar eru leiðarvísir fyrir íslenskt samfélag og á forsendum hennar á þjóðin fjölmörg tækifæri til að bæta hag sinn og efla allt mannlíf í landinu.

Sjálfstæðisflokkurinn á að leiða nýja sókn íslensku þjóðarinnar til framfara á öllum sviðum þjóðlífsins. Á grundvelli stefnu Sjálfstæðisflokksins er hægt að ná sátt um grunn gildi samfélagsins, auka verðmætasköpun og atvinnu og einnig að tryggja að viðunnandi lausn náist á skuldavanda heimilanna.

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins leggur höfuðáherslu á mikilvægi þess að atvinnulíf landsmanna verði eftt með öllum ráðum. Afkoma heimilanna og öll starfsemi hins opinbera hvílir á verðmætasköpun atvinnulífsins. Öflugri atvinnustarfsemi eykur tekjur heimilanna og kemur í veg fyrir að skera þurfi niður nauðsynlega þjónustu í félags-, heilbrigðis- og menntamálum.

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins hafnar leið ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum þjóðarinnar. Skattahækkanir hafa dregið kraft úr atvinnustarfseminni og rýrt kaupmátt almenningis. Árásir ríkisstjórnarinnar á einstakar atvinnugreinar hafa tafið fyrir fjárfestingum og stefnuleysi og óeining í orku og iðnaðarmálum hafa valdið stórkostlegum skaða. Öfgasjónarmið og úrelt hugmyndafræði hefur verið tekin fram yfir hagsmuni þjóðarinnar.

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins telur að ríkisstjórnin hafi brugðist með því að grípa ekki til nægjanlegra aðgerða til þess að leysa þann mikla skuldavanda sem hvílir á þúsundum heimila. Nauðsynlegt er að ráðist verði í markvissari og árangursríkari aðgerðir til þess að leysa þennan alvarlega vanda.

Í stað þess að leiða raunverulega endurreisn hefur ríkisstjórnin alið á úlfúð og kloffningi í samfélaginu, meðal annars með því að skipuleggja pólitísk réttarhöld í skjóli Alþingis. Ákæru á hendur Geir H. Haarde, fyrrverandi formanni Sjálfstæðisflokksins og fyrrverandi forsætisráðherra, eru ógeðfelld pólitísk réttarhöld, skipulögð af pólitískum andstæðingum Sjálfstæðisflokksins. Landsfundur lýsir yfir fullum stuðningi við Geir H. Haarde og bendir um leið á hversu alvarlegt fordæmi Alþingi hefur sett með ákvörðun sinni um pólitíska málshöfðun.

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins leggur höfuðáherslu á að þjóðinni verði gert kleift að nýta þau tækifæri sem við blasa til að vinna sig út úr efnahagserfiðleikum. Tillögur landsfundar byggjast á því að endurheimta traust, stöðugleika og bjartsýni í íslensku samfélagi.

Nýtum tækifærin – sókn í atvinnumálum

Nauðsynlegt er að gripið verði til margháttaðra aðgerða til þess að efla atvinnustarfsemi landsmanna. Fjárfesting í íslensku atvinnulífi er hættulega lítil og hagvaxtarhorfur því slæmar. Atvinnuleysi er óbærilegt og þúsundir Íslendinga hafa flúið land. Þessari þróun verður að snúa við og því leggur landsfundur Sjálfstæðisflokksins áherslu á eftirfarandi atriði:

Skattahækkanir vinstri stjórnarinnar verði dregnar til baka ásamt því að skattkerfið verði einfaldað til hagsbóta fyrir launþega og fyrirtæki.

Allt kapp verði lagt á að afnema gjaldeyrishöftin. Draga ber jafnt og þétt úr áhrifum verðtryggingar og áhersla skal lögð á að aðgerðir í ríkisfjármálum styðji við peninga málastefnuna. Mikilvægt er að fram fari opin og fordómalaus umræða um hvaða kostir standi Íslandi til boða í gjaldmiðlamálum. Íslendingar verða að skipa efnahagsmálum sínum með þeim hætta að þeir geti skipt um gjaldmiðil eftir 3–5 ár ef þeim sýnist svo.

Ljúka þarf fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja samhliða því að bankakerfi landsmanna verði sniðinn stakkur eftir vexti. Jafnframt bendir landsfundur Sjálfstæðisflokksins á að of hægt hefur gengið að koma fyrirtækjum landsmanna úr eignarhaldi bankanna og aftur í umsjá einstaklinga. Afleiðingarnar eru ósanngjörn samkeppnisstaða sem bitnar helst á þeim sem fóru gætilega í rekstri fyrirtækja sinna.

Stutt verði sérstaklega við lítil og meðalstór fyrirtæki með aðgerðum sem hvetja til fjárfestinga af þeirra hálfu.

Taka ber nógildandi tollalöggjöf til gagngerrar endurskoðunar með það að markmiði að efla hagneytenda.

Sjávarútveginum verði tryggt öruggt rekstrarumhverfi með því að staðfest verði sú sátt sem náðist um málefni greinarinnar á milli allra stjórn málaflókka og greinarinnar sjálfar. Þar með losnar úr læðingi mikil fjárfestingarþörf sem stuðlar að hagvexti.

Fjölmörg tækifæri eru til að auka orkuframleiðslu í góðri sátt við náttúru landsins. Þar á meðal eru virkjanir í neðri hluta Þjórsár, í Þingeyjarsýslum og víðar. Tryggt verði að næg orka sé til staðar til þess að áform um kraftmikla uppbyggingu orkufreks iðnaðar nái fram að ganga.

Nýsköpun verði eflað meðal annars með því að styrkja samkeppnissjóði og sérstaklega verði hlúð að skapandi greinum.

Mennta- og vísindastarfsemi eru grunnurinn að efnahagslegum framförum þjóðarinnar. Áherslur í þessum málaflokki þurfa að endurspeglar fjölbreyttar þarfir efnahagslífsins um leið og fjölbreytt námsframboð tryggir að sem flestir fái stundað nám í samræmi við getu sína, áhuga og hæfileika.

Nýtum tækifærin – sátt um stöðu heimilanna

Forsendubrestur varð í fjármálum þúsunda heimila í kjölfar bankahrunsins. Of hægt hefur gengið að leysa þann vanda sem skapaðist og þær lausnir ríkisstjórnin hefur kynnt duga ekki til þess að hægt sé að ná víðtækri sátt um þær. Landsfundur Sjálfstæðisflokksins leggur áherslu á að:

Fólki verði gert kleift að búa í eigin húsnæði. Eignamyndun í eigin íbúðarhúsnæði er grunnur að fjárhagslegu öryggi heimilanna.

Íbúðalánasjóður lækki lán vegna yfirveðsetra fasteigna í 110 prósent af fasteignamati eða markaðsverði, hvort sem lægra reynist. Jafnframt verði áfram unnið að afskriftum skulda þannig að skuldastaða heimilanna verði í samræmi við greiðslugetu þeirra.

Þeim sem ekki geta staðið undir skuldsetningu vegna íbúðakaupa sinna þrátt fyrir skuldaaflögun þurfa að eiga þess kost að skila fasteign sinni og fella um leið niður allar skuldir er á fasteigninni hvíla. Slíkt fyrirkomulag skal gilda til ársloka 2013.

Tryggt verði að afskrifaðar skuldir einstaklinga vegna fasteigna myndi ekki skattstofn.

Nauðsynlegt er að bæta stöðu þeirra sem orðið hafa fyrir tjóni vegna verðtryggingar húsnæðislána.

Endurskoða þarf reglur um endurreikning ólöglegra gengislána.

Lægri skattar og auknar tekjur munu auðvelda skuldugum heimilum að rétta stöðu sína þegar til lengri tíma er litið. Jafn og sjálfbær hagvöxtur og aukinn kaupmáttur launa er forsenda þess að íslensk heimili endurheimti þau lífskjör sem hafa tapast á undanförunum árum.

Nýtum tækifærin – endurheimtum stöðugleika og samstöðu

Forsenda þess að hægt sé að bæta lífskjör þjóðarinnar er að stöðugleiki og festa ríki í samfélaginu. Á undanförunum árum hefur verið grafið undan grundvallarstofnunum samfélagsins og pólitísk óvissa hefur dregið úr fjárfestingum og þar með tafið efnahagsbatann. Jafnframt hefur verið stofnað til átaka um ýmis grundvallaratriði þjóðskipulagsins og eykur það mjög á alla óvissu. Landfundur Sjálfstæðisflokksins vill því á rétta eftirfarandi:

Ákvörðun Alþingis um að hundska niðurstöðu Hæstaréttar vegna ógildingar kosninga til stjórnlagabings var alvarleg aðför að sjálfstæði dómstóla. Landsfundur Sjálfstæðisflokksins leggur áherslu á að víðtæk sátt náist um nauðsynlegar breytingar á stjórnarskránni en hafnar alfarið ábyrgðarlausum tilraunum ríkisstjórnarinnar til að kollvarpa nógildandi stjórnarskrá.

Öllum hugmyndum um þjóðnýtinu atvinnufyrirtækja og áframhaldandi hringlanda með skattkerfið er alfarið hafnað.

Nýting orkulinda og annarra náttúruauðlinda þarf að vera í sátt við umhverfið, nýtingarsjónarmið og verndun verða að haldast í hendur. Sjálfstæðisflokkurinn hafnar öfgasjónarmiðum í þessum málaflokki.

Almenn sátt þarf að ríkja um áherslur í byggðamálum. Styrkja þarf stöðu jaðarbyggða og mæta þeim vanda sem fólksfækkun og einhæft atvinnulíf hefur haft í för með sér. Sjálfstæðisflokkurinn vill skýra og markvissa byggðastefnu þar sem vanda atvinnusvæða, sem eiga undir högg að sækja, er mætt með langtímastefnu mörkun en ekki með skyndilausnum.

Áfram þarf að efla sveitarstjórnastigið, þannig að hægt verði að flytja þangað verkefni sem best er stjórnað í sem mestri námundan við íbúa hvers landshluta eða sveitarfélags. Samstaða þarf að vera um helstu framkvæmdir í samgöngumálum þjóðarinnar. Uppbygging vegakerfisins verði markviss og taki mið af umferðarpunga, byggðasjónarmiðum, öryggiskröfum og hagkvæmni. Mikilvægt er að sátt náist um þá stefnu Sjálfstæðisflokksins að Reykjavíkurlugvöllur skuli áfram vera miðstöð innanlandsflugs.

Nýtum tækifærin – byggjum upp innviði og treystum stöðu ríkissjóðs

Nauðsynlegt er að draga úr umsvifum ríkisins og tryggja að ríkissjóður verði rekinn með afgangi og skuldir hans greiddar þannig niður. Umsvif ríkissjóðs jukust mjög á síðasta áratug og því eru fjölmörg tækifæri til að endurskipuleggja rekstur á vegum ríkisins og tryggja þannig góða þjónustu fyrir minni fjármuni. Landsfundur Sjálfstæðisflokksins leggur áherslu á eftirfarandi:

Tekjur af auknum umsvifum í efnahagslífinu sem fylgja framkvæmd efnahagsáætlunar Sjálfstæðisflokksins á að nota til að greiða niður skuldir ríkissjóðs og lækka skatta en ekki til að auka opinberan rekstur eða til að draga úr nauðsynlegum aðhaldsaðgerðum. Velferð byggð á skuldasöfnun er á kostnað velferðar komandi kynslóða.

Nauðsynlegt er að aga öll vinnubrögð við gerð fjárlaga og horfa til lengri tíma en áður hefur verið gert við vinnu þeirra. Í þeirri stöðu sem rekstur ríkisins er þarf að velja af kostgæfni þau verkefni sem tekjur standa undir og hætta framlögum til þeirra verkefna sem hægt er að komast af án, að minnsta kosti tímabundið. Auka þarf ábyrgð yfirmanna og stofnana ef útgjöld fara umfram fjárheimildir og byggja þarf upp kerfi sem mælir betur árangur í rekstri og hvetur til ráðdeildar.

Menntakerfi þjóðarinnar þarf að vera í stöðugri endurskoðun og þróun. Leggja ber áherslu á fjölbreytni og valfrelsi og hagkvæman rekstur. Því er mikilvægt að fjölbreytt rekstrarform fái notið sín. Jafnframt er mikilvægt að launakjör kennara og skólastjórnaenda séu tengd við árangur og fagmennsku.

Útgjöld til menntunar er ein hagkvæmasta fjárfesting sem þjóðin á völ á. Menntun og vísindarannsóknir eru forsenda hagvaxtar í nútímahagkerfum og samkeppnishæfni þjóða mun í ríkari mæli ráðast af menntunarstigi þeirra. Miklu skiptir að nýta vel alla þá fjármuni sem varið er til þessa málaflokks og leita ber allra leiða til að hagræða í rekstri án þess að dregið verði úr gæðum náms og rannsókna.

Tryggja verður að unnið verði á grundvelli langtímastefnumótunar í heilbrigðis- og félagsmálum, að minnsta kosti til 5 ára í senn. Móta þarf skýra stefnu um forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu og nýta ber fjölbreytt rekstrarform til að auka þjónustu og hagkvæmni í rekstri.

Auka þarf forvarnir og heilsueflingu og tryggja að allir landsmenn hafi aðgang að góðri heilbrigðisþjónustu, óháð búsetu og efnahag.

Stefna í málefnum aldraðra á að byggjast á jafnrétti og virðingu fyrir mannréttindum.

Nauðsynlegt er að aldraðir hafi sem mest val um starfslok sín og geti tengt þau starfsgetu sinni og útgreiðslu lífeyris.

Afturkalla þarf þá kjaraskerðingu sem aldraðir hafa orðið fyrir í tíð núverandi ríkisstjórnar og tryggja þarf að þeir sem náð hafa 70 ára aldri geti aflað sér atvinnutekna án þess að greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins skerðist.

Fjölbreytt úrval heimaþjónustu á að vera í boði fyrir aldraða, þannig að sem flestir geti fengið aðstoð við hæfi. Hjúkrunarrýmum þarf að fjölga jafnt og þétt til að mæta vaxandi fjölda eldri borgara á næstu árum.

Nýtum tækifærin – styrkjum stöðu Íslands á alþjóðavettvangi

Utánríkisstefna Íslands byggist á nánú samstarfi við önnur ríki um frið, frelsi, mannréttindi, frjáls viðskipti og virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti þjóða. Utánríkisstefnan þarf að styðja við atvinnustefnu

Þjóðarinnar til lengri tíma, jafnframt því sem öryggi þjóðarinnar verður að vera tryggt. Því vill landsfundur Sjálfstæðisflokksins leggja áherslu á eftirfarandi grundvallaratriði:

Varnir landsins verða best tryggðar með aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og með áframhaldandi varnarsamstarfi við Bandaríkin. Tryggja verður að varnir landsins séu ávallt í samræmi við þarfir þjóðarinnar hverju sinni.

Efla ber samstarf við önnur ríki um öryggismál á norðurslóðum. Einkum ber að þróa samstarfið við Bandaríkin á þeim vettvangi.

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins leggur áherslu á að hagsmunum Íslands er best borgið utan Evrópusambandsins og Sjálfstæðisflokkurinn styður því ekki aðildarviðræður ríkisstjórnarinnar. Sjálfstæðisflokkurinn varaði eindregið við því að sótt yrði um aðild án þess að til staðar væri víðtæk sátt og afdráttarlaust umboð þjóðarinnar ásamt skýrt mótuðum samningsmarkmiðum. Tillögu Sjálfstæðisflokksins um þjóðaratkvæða greiðslu var hafnað og nú er samningsferlið komið í ógöngur á ábyrgð ríkisstjórnarinnar.

Standa ber sem fyrr vörð um efnahagslögsöguna, landgrunnsréttindi og fiskveiðiréttindi þjóðarinnar og tryggja henni sanngjarnan hlut í deilistofnum.

Fjölga ber tvíhliða fríverslunarsamningum, m.a. ber að leggja áherslu á að ljúka fríverslunarsamningnum við Kína en það verkefni hefur frestast vegna umsóknarinnar um aðild að Evrópusambandinu. Jafnframt á að fjölga tvísköttunarsamningum við önnur ríki að fyrirmynd OECD.